

*„Við erum fámenn þjóð  
og höfum ekki efni á  
öðru en að nýta styrk  
og hæfileika allra  
einstaklinga“*

Viðtal við Jóhönnu Einarsdóttur,  
forseta Menntavísindasviðs  
Háskóla Íslands



*Jóhanna Einarsdóttir tók við stöðu forseta Menntavísindasviðs Háskóla Íslands 1. júlí 2013. Lífsstarf Jóhönnu hefur einkum falist í kennslu og rannsóknum á menntun ungra barna en hún hefur verið afkastamikill fræðimaður á því sviði. Jóhanna hefur meðal annars verið í forystu á alþjóðavettvangi um rannsóknir með börnum. Hún var kjörin í stjórn European Early Childhood Education Research Association árið 2011 og hefur þar veitt forystu rannsóknarhópi um rannsóknir með börnum. Hún hefur gert fjölda rannsókna með íslenskum leikskólabörnum og skrifað fræðigreinar og ritstýrt bókum og tímaritum um efnið og verið ráðgjafi erlendra rannsóknarhópa. Fyrirspyrjendur beindu sjónum sínum einkum að störfum Jóhönnu og þeim gildum sem hafa mótað lífssýn hennar. Enn fremur var Jóhanna spurð um sérstöðu Menntavísindasviðs og framtíðarsýn á menntavísindi.*

### Bakgrunnur, gildi og lífssýn

Ég fæddist árið 1952 í Reykjavík og ólst þar að mestu leyti upp en hafði sterk tengsl við landsbyggðina. Foreldrar mínir eru þau Einar Einarsson og Halldóra Jónsdóttir. Það sem var sérstakt við líf okkar var að á hverju vori flutti fjölskyldan búferlum að

Urriðafossi í Flóa en sú jörð var og er í eigu fjölskyldunnar. Þar stundaði faðir minn laxveiðar í net öll sumur og við krakkarnir tókum þátt í bústörfum og sveitalífinu. Við fórum í maí og komum ekki til borgarinnar aftur fyrr en eftir réttir á haustin. Móðurafi minn bjó á Hvammeyri við Tálknafjörð og þar dvaldi fjölskyldan einnig á sumrin og þar á ég sterkar rætur.

Ég ólst upp við mikið öryggi og umhyggju. Foreldrar mínir voru sjálfmenntaðir og fluttu bæði úr sveit til borgarinnar á eftirstriðsárunum eins og algengt var. Þau helguðu líf sitt hvort öðru og börnum sínum fjórum og lögðu sig fram um að skapa okkur góðar lífsaðstæður. Við systkinin höfum öll gengið menntaveginum. Það var bara einhvern veginn eðlilegt að við menntuðum okkur og var aldrei talað neitt sérstaklega um það. Það var bara hluti af því viðhorfi að maður skyldi standa sig í því sem maður tæki sér fyrir hendur.

Á þessum tíma bjó fólk þröngt en úthverfin voru að byggjast upp með stærra hús-næði. Við bjuggum í lítilli íbúð við Leifsgötu og fluttum síðan í raðhús sem foreldrar mínir byggðu í Árbæjarhverfinu. Þetta var rúmlega 100 fm raðhús og engin höll fyrir hjón og fjögur börn en mömmu fannst þetta svo fínt að hún bauð fólki að koma til að fara í bað og nýta sér aðstöðuna. Það var ekki til að monta sig, bara til að gera fólki gott. Mamma er mikill mannvínur og einkennandi fyrir lífsgildi hennar er umhyggja og virðing fyrir öðru fólki. Þegar ég hugsa um hvaðan þau gildi koma sem hafa mótað mig og haft áhrif á lífsviðhorf mín og starfsval, þá rek ég þau beint til bernskunnar og þeirra viðhorfa sem ég ólst upp við.

## Kennaraskólinn

Ég lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík vorið 1969 og fór þá í Kennaraskólann. Mér hefur alltaf liðið vel í skóla og hafði kennara sem voru góðar fyrirmyndir. Ég var í Austurbæjarskólanum á þeim tíma þegar raðað var í bekk eftir lestrargetu. Mamma kenndi mér að lesa áður en ég fór í skólann og þess vegna fór ég í besta bekk og hafði mjög góðan kennara, Dagnýju Valgeirsdóttur. Mér er í bernskuminni fyrsti skóladagurinn þegar öll sjö ára börn sem voru að hefja skólagönguna biðu ásamt foreldrum sínum (mæðrum) eftir úrskurðinum um hvaða bekk þau færu í. Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari lagðist þetta fyrirkomulag sem betur fer af.

Ég var í Kennaraskólanum á hippatímanum, var í síðasta árganginum sem útskrifaðist úr gamla Kennó árið 1973. Kannski var það tilviljun að ég valdi kennaranám, kannski voru það áhrif frá æskuheimilinu eða skólagöngunni, eða kannski var það tíðarandinn. Á þessum tíma var mjög algengt að stúlkur veldu stutt starfsnám í stað þess að fara í langt háskólanám. Það voru nokkuð margar stúlkur sem brautskráðust úr Kvennaskólanum vorið 1969 sem fóru annaðhvort í kennaranám eða hjúkrunarnám.

## Framhaldsnám í Bandaríkjunum

Eftir að ég lauk stúdentsprófi frá Kennaraskólanum fór ég í framhaldsnám til Bandaríkjanna. Ég kynntist manninum mínum, Bjarna Reynarssyni, á þessum tíma. Hann

fékk Fullbright-styrk til að fara í framhaldsnám til Bandaríkjanna þannig að ég fór með, alveg óviss um hvað ég myndi taka mér fyrir hendur. Við dvöldum í Champaign-Urbana, sem er háskólabær í Illinois, í þrjú ár. Ég lauk BS-prófi í uppeldissálfræði frá Háskólanum í Illinois 1976 og síðan meistaraþrófi í menntunarfræðum frá sama skóla árið 1977.

Tuttugu árum síðar fór ég í doktorsnám og þá lá leiðin aftur til Illinois. Háskólinn í Illinois er einn af virtustu ríkisháskólum í Bandaríkjunum og á þeim tíma þegar ég var að huga að doktorsnámi var menntunarfræðideildin þar afar sterk. Við þekktum staðinn líka vel og þar sem ég var að fara með þrjú börn og karl fannst mér þetta góður kostur. Samstúdentum mínum í Illinois fannst þetta hins vegar afar sérstakt og mikið ævintýri að ég skyldi setjast á skólabeck eftir 20 ára hlé og mæta með þrjú börn og eiginmann og ætla mér að ljúka doktorsgráðu. Ég fékk mjög góða menntun við Háskólann í Illinois og er afar ánægð með doktorsnámið og dvölinu ytra. Ég var á aðstoðarkennarastyrk frá skólanum og auk þess sem það gerði þetta fjárhagslega mögulegt þá fékk ég þannig dýrmæta reynslu. Ég sá meðal annars um að undirbúa og fylgja kennaranemum eftir í æfingakennslu og kynntist því nokkuð vel bandarísku skólakerfi. Börnin okkar búa líka að þeirri dýrmætu reynslu að hafa búið í öðru landi og kynnst ólíkum siðum og venjum.

## Fósturskólinn, Kennaraháskólinn og doktorsnám

Þegar ég var á heimleið eftir meistaranámið í Bandaríkjunum fékk ég handskrifað bréf frá Þuríði J. Kristjánsdóttur prófessor við Kennaraháskólann, þar sem hún hvatti mig til þess að sækja um æfingakennarastarf við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans. Þetta gerði hún í samráði við Jónas Pálsson, skólastjóra Æfingaskólans. Hann var frumkvöðull í menntamálum og í hans tíð var Æfingaskólinn suðupottur nýrra hugmynda og nýbreytni. Það var dýrmæt reynsla að starfa undir stjórn Jónasar. Ég fékk stuðning hans til að koma ýmsum hugmyndum mínum um menntamál í framkvæmd og vann ásamt frábæru samstarfsfólki að nýbreytni- og þróunarverkefnum í byrjendakennslunni. Í tíu ár var ég æfingakennari og kenndi annars vegar grunnskólanemum við Æfingaskólann og hins vegar grunnskólakennaranemum við Kennaraháskólann. Þetta var krefjandi og gefandi starf.

Það var haustið 1989 sem ég sá auglýst hlutastarf við að stýra framhaldsdeild Fósturskólans. Ég var þarna komin með þrjú börn og fannst henta mér vel að vera í hlutastarfi og sótti um. Þar með voru örlög mín varðandi leikskólamálin ráðin. Leikskólahugmyndafræðin féll mjög vel að hugmyndum mínum um menntun barna þannig að ég fann mig vel á þessum vettvangi. Það var mikill baráttuandi og þrautseigja í stétt leikskólakennara á þessum tíma og hún þjappaði sér saman um mikilvæg baráttumál. Leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið, námskrá var gefin út og námið flutt á háskólastig. Það var frábært að fá að taka þátt í þessu. Mér finnst tómstundafræðin í dag að mörgu leyti á svipuðum tímamótum og leikskólafræðin á þessum tíma. Það er svið í mikilli uppsveiflu, þar er þessi brennandi áhugi og kraftur. Þessi hugsjónaeldur var líka í Æfingaskólanum á sínum tíma. Fólk var ekkert að telja það eftir hvort það ynni tveimur tímum meira eða minna, við ætluðum bara að

sanna okkur og búa til góðan skóla. Það þarf svona eldmóð og kraft til að koma af stað breytingum.

Þegar ég ákvað að fara í doktorsnám ætlaði ég að skoða bæði grunnskólastigið og leikskólann þar sem ég þekkti bæði skólastigin vel og hafði velt mikið fyrir mér muninum á hugmyndafræðinni og starfsháttum á þessum skólastigum. En svo kom að því að ég þurfti að afmarka ritgerðarefnið. Leiðbeinanda mínum, dr. Bernard Spodek, fannst allt of víðfeðmt verkefni að taka bæði skólastigin fyrir, þannig að ég þurfti að velja. Í doktorsverkefninu mínu beindi ég sjónum að hugmyndafræði og störfum íslenskra leikskólakennara. Í háskólanum í Illinois þurftu nemendur að taka námskeið í tvö ár áður en byrjað var á doktorsritgerðinni. Að því loknu safnaði ég gögnum á Íslandi og vann ritgerðina að mestu hér heima en ferðaðist á milli eins og þörf var á.

Ég var í doktorsnámi þegar Kennaraháskólinn, Fósturskólinn, Þroskaþjálfaskólinn og Íþróttakennaraskólinn voru sameinaðir árið 1998. Þórir Ólafsson, rektor Kennaraháskólans, hringdi í mig á landlínunni og spurði hvort ég vildi taka að mér að veita forystu leikskólakennaranáminu við nýjan Kennaraháskóla. Ég tók áskoruninni og leiddi leikskólakennaranámið inn í nýja tíma ásamt frábærum samstarfskonum. Það var heilmikið verkefni, en ég hafði með mér hugsjónafólk sem enn stendur vaktina fyrir málefni leikskólans. Við vorum í góðu samstarfi við háskóla á Norðurlöndum og gátum tekið nokkurt mið af þeirra námskrá og reynslu. Auk þess sem endurskoða þurfti námið þurfti að byggja upp nýtt fræðasvið á háskólastigi. Ég stofnaði því Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) sem hefur verið mikil lyftistöng fyrir rannsóknir í málefnum ungra barna.

## Menntunarfræði ungra barna og rannsóknir með börnum

Ég lauk doktorsnáminu árið 2000. Þegar ég skrifaði doktorsritgerðina var leikskóla-sviðið nánast órannsakaður vettvangur hér á landi. Mér fannst að ég þyrfti að skoða hvaða viðhorf lögju að baki því sem fólk var að gera í leikskólum. Það var einhvern veginn það sem mér fannst ég verða að byrja á. Á þessum tíma var nánast ekkert til af rannsóknum á leikskólanum og menntunarfræði ungra barna sem fræðigrein var óþekkt hér á landi.

Fræðasviðið menntunarfræði ungra barna (e. early childhood education) er reyndar mjög ungt. Það var ekki fyrr en um miðjan níunda áratuginn að fyrsta vísindalega rannsóknartímaritið á þessu sviði kom út. Þeir sem gerðu rannsóknir á þessu sviði áður voru aðallega sálfræðingar og félagsfræðingar, ekki menntunarfræðingar. Við háskólann í Illinois voru þrír topparnir í þessum fræðum í heiminum, þau Bernard Spodek, Lilian Katz og Daniel Walsh, þannig að ég var afar lánsöm með lærimeistara.

Það hefur verið afar gefandi að taka þátt í frumkvöðlastarfi á þessu sviði. Frá því að ég lauk doktorsprófi hefur orðið mikil þróun á stuttum tíma og mikið gerst á þessum árum. Það hefur mikið áunnist. Til dæmis er ótrúlegt að við skulum vera með þó nokkra doktorsnema í þessu fagi núna. Þegar ég stofnaði Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) og fékk til samstarfs fulltrúa Reykjavíkurborgar, Kennarasambandsins og Umboðsmann barna þá hafði ég væntingar um að lyfta faginu upp á hærra plan með því að gera rannsóknir sem hefðu áhrif á stefnumótun

og starfshætti í leikskólum. Þessi þróun hefur farið fram úr mínum björtustu vonum. Hópur fræðimanna og doktorsnema á vegum rannsóknarstofunnar tekur nú þátt í stórum alþjóðlegum rannsóknum og kynnir rannsóknir sínar á alþjóðlegum vettvangi. Menntunarfræði ungra barna er nú orðin eitt sterkasta rannsóknarsviðið á Menntavísindasviði.

Á meðan ég var í doktorsnámi, þá byrjaði í raun þessi hreyfing sem kölluð hefur verið bernskurannsóknir (e. childhood studies) þar sem áhersla er lögð á að hlusta á börn og gera rannsóknir með börnum. Þessar hugmyndir byggjast á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins auk nýrrar þekkingar á námi og menntun barna. Einn prófessorinn minn, Daniel Walsh, var að skrifa bókina *Studying Children in Context: Theory, Methods, and Ethics* sem var eitt af fyrstu ritunum á þessu sviði. Þessar hugmyndir höfðu mjög til mín og féllu vel að þeim lífsgildum sem ég ólst upp við, hugmyndafræði leikskólans og þeim viðhorfum sem starf mitt í Æfingaskólanum byggðist á. Með því að hlusta á börn sýnum við þeim virðingu og þau fá tækifæri til að hafa áhrif og taka þátt.

Ef við ætlum að byggja upp öflugan skóla sem taka mið af hæfni og þörfum allra barna þá þurfum við að leita eftir sjónarmiðum barnanna sjálfra. Ég hef þróað rannsóknaraðferðir ásamt erlendum kollegum sem henta ungum börnum. Með því að nota teikningar barna, ljósmyndir þeirra, samtöl, leiki og þátttökuathuganir höfum við aflað mikilvægra upplýsinga um líðan barna og nám. Rannsóknir mínar með íslenskum leikskólabörnum og börnum í fyrstu bekkjum grunnskólans hafa sýnt að börn hafa skoðanir á því hvernig skólinn og kennarar eiga að vera og hvaða aðstæður og aðferðir henta þeim best. Þetta þurfum við að hlusta á.

## Forseti Menntavísindasviðs

Ég er enn að læra á það að vera sviðsforseti. Þetta er viðamikilið starf sem mér finnst ég geta skipt gróflega í fernt. Í fyrsta lagi þarf sviðsforseti að vera stjórnandi og faglegur leiðtogi innan sviðsins. Í öðru lagi snýst starfið um samskipti og áhrif innan Háskólans. Í þriðja lagi þarf sviðsforseti að vera talsmaður menntamála í samfélagslegri umræðu og hafa samskipti við einstaklinga og stofnanir samfélagsins. Í fjórða lagi þarf hann að opna glugga fyrir menntavísindin út í hinn alþjóðlega fræðaheim. Það er nauðsynlegt í okkar litla samfélagi að vera í erlendu samstarfi og læra af reynslu annarra þjóða. Mikið af tíma mínum þetta fyrsta ár hefur farið í fyrsta þáttinn, þ.e. að kynna mér það sem fólk er að hugsa og gera innan sviðsins og í framhaldinu móta stefnu og taka ákvarðanir um áhersluþætti næstu ára. Starf sviðsforseta er teymisvinna. Það er mjög mikilvægt að stjórnandi kunni að dreifa verkefnum og treysti samstarfsfólki sínu. Ég er afskaplega lánsöm að hafa mér við hlið úrvals samstarfsfólk sem ég treysti. Ég þekkti Menntavísindasvið nokkuð vel áður þannig að ekkert hefur komið mér verulega á óvart. Háskólasamfélagið var nýrra fyrir mér. Ég hafði ekki verið í háskólaráði eða stjórnsýslu innan Háskólans áður. Það eru ósagðir hlutir og reglur sem þarf læra á þegar komið er á nýja staði. Þar sem Menntavísindasvið er nýtt fræðasvið innan Háskólans er mikilvægt að láta rödd menntavísinda heyrast og hafa áhrif jafnt í háskólanum og í samfélaginu.

## Sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands

Við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands var ákveðið að gerð yrði úttekt á því hvernig til hefði tekist að ákveðnum tíma liðnum og í janúar 2014 samþykkti háskólaráð að farið yrði í þá vinnu. Úttektin var með sérstaka áherslu á kennaramenntunina. Það var nokkuð gagnrýnt innan sviðsins þar sem kennaramenntunin er einungis hluti af þeirri menntun sem fram fer á Menntavísindasviði. Ég fagna þessari úttekt og tel að hún geti orðið okkur mikilvægur leiðarvísir næstu fjögur árin. Ég stýrði sjálfsmatsþætti þessarar úttektar og það gaf mér góða innsýn í þau viðhorf sem eru ríkjandi á öðrum sviðum Háskólans gagnvart Menntavísindasviði og þær væntingar sem fólk hafði til sameiningarinnar.

Stofnanir hafa mismunandi menningu og hefðir og það er þekkt frá sameiningu stofnana erlendis að slíkt ferli getur tekið mörg ár. Skortur á skilningi á menningu, sjónarmiðum og vinnubrögðum getur tafið ferlið. Þegar stofnanir eru misstórar gætir þeirrar tilhneigingar að menning stærri stofnunarinnar nái yfirhöndinni og hætta er á að sú minni tapi sérkennum sínum. Árangursrík sameining stofnana felur í sér að sérkenni og styrkleikar beggja nái að halda sér og þannig verði til sterkari eining en áður. Þetta var einmitt eitt af meginmarkmiðum sameiningar Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, þ.e. að efla háskólamenntun á Íslandi og skapa sterkari heild sem er byggð á sérstöðu og samhæfingu beggja stofnana.

Sameiningin við Háskóla Íslands er ekki eina sameiningin sem ég hef tekið þátt í. Ég hef áður minnst á sameiningu Fósturskólans, Íþróttakennaraskólans, Þroskaþjálfaskólans og Kennaraháskólans. Kennaraháskólinn var stærsta einingin. Viðhorfin gagnvart minni skólunum voru sumpart áþekkt þeim sem ég finn nú gagnvart Menntavísindasviði. Við sem komum úr minni skólunum áttum að ganga inn í það sem fyrir var í gamla Kennaraháskólanum og það var ekki alltaf mikil virðing borin fyrir því sem við höfðum fram að færa.

Af fenginni reynslu tveggja sameininga hef ég séð að mannlegi þátturinn er gífurlega þýðingarmikill. Breytingar hafa í för með sér óöryggi og fólk bregst misjafnlega við. Sumir leggja þannig kapp á að verja sitt og sýna fram á mikilvægi þess sem þeir standa fyrir en hafa minni áhuga á að kynna sér það sem aðrir eru að fást við og læra af því. Því má gera ráð fyrir að samstarf og virðing í nýrri sameinaðri stofnun þurfi tíma til að þróast. Menntavísindasvið er nýtt svið innan Háskóla Íslands og við erum ekki staðsett á háskólasvæðinu. Á Menntavísindasviði erum við auk þess með starfsmenntun sem gjarnan nýtur minni virðingar í háskólasamfélaginu en önnur menntun. Við þurfum því að vera ötul við að halda á lofti sérfræðipækkingu okkar og kynna það sem við stöndum fyrir. Við getum ekki ætlast til þess að þeir sem starfa á öðrum sviðum viti af því ef við komum því ekki á framfæri.

## Sérstaða Menntavísindasviðs

Meginstyrkur Menntavísindasviðs hefur verið afbragðs kennsla. Þann styrkleika kemur sviðið með inn í Háskóla Íslands. Kennarar hafa lagt metnað í að þróa fjölbreytta kennsluhætti og fjarnám og sveigjanlegt nám af ýmsu tagi hefur verið lengi

við lýði innan sviðsins. Hægt er að byggja á víðtækri reynslu auk þess sem töluvert hefur verið unnið að rannsóknum á kennsluháttum. Ég tel því að sviðið geti lagt heilmikið af mörkun við að þróa gæðakennslu við Háskóla Íslands.

Starfsfólk Menntavísindasviðs býr einnig yfir mikilli þekkingu á sviði menntamála og menntunar kennara, þroskaþjálfna og tómsunda- og félagsmálafræðinga. Sérstaða sviðsins liggur meðal annars í því að margir kennararnir líta fyrst og fremst á sig sem kennaramenntendur (e. teacher educators) og skilgreina sérþekkingu sína á því sviði. Það er því eðlilegt að sviðið hafi forystu um kennaramenntun innan Háskólans. Menntavísindasvið býr líka að langri reynslu í menntun þroskaþjálfna þar sem áherslan hefur verið á að mennta fólk til að starfa með fötluðu fólki á öllum sviðum samfélagsins. Á sviðinu er því löng reynsla af starfsmenntun með tilheyrandi tengslum við vettvang og vettvangsnám. Gott samstarf við starfsvettvang þeirra stétta sem Menntavísindasvið hefur á sinni könnu hefur verið aðalsmerki sviðsins. Þar liggur líka styrkur okkar.

Sérstaða Menntavísindasviðs felst einnig í þeirri breidd sem er í náminu. Fræðigreinar innan sviðsins eiga að geta unnið vel saman og bætt hver aðra upp. Mér finnst til dæmis mikilvægt að kennaranámið sé í tengslum við aðrar fræðigreinar, eins og þroskaþjálfanámið. Við þurfum að hugsa um nám og skóla fyrir alla og því finnst mér að þroskaþjálfanámið og þau viðhorf sem þar eru ríkjandi gætu komið kennaranáminu mjög til góða. Í tómsundanáminu eru að gerast spennandi hlutir sem kennaranámið getur einnig lært mikið af.

Ég hef verið talsmaður þess að við lítum á skólagöngu og nám barna sem samfelld ferli og hef gert töluvert af rannsóknum á því sviði. Börn á Íslandi í dag hefja flest leikskólagöngu tveggja ára. Daglegur skólatími í grunnskólum hefur lengst á undanförunum árum auk þess sem mörg börn sækja einnig frístundaheimili og skipulagt íþrótt- og tómsundastarf. Félagsmótun og félagsleg tengsl hafa smám saman færst inn á vettvang skóla og skipulegs frístundastarfs. Tilhneigingin hefur verið sú að þessar stofnanir hafi lotið eigin lögmálum og haft lítið samstarf. Þessu þarf að breyta og það gerist meðal annars með því að flétta saman nám þeirra stétta sem að uppeldi og kennslu barna koma.

Í þessu samhengi má íhuga deildaskiptingu á Menntavísindasviði sem var ákveðin við sameininguna og var gert ráð fyrir að yrði endurskoðuð að ákveðnum tíma liðnum. Að mínu mati er hætta á að skipting Menntavísindasviðs í deildir búi til múra og skapi hindranir. Nú, þegar kennaranámið er orðið meistaranám, fer verkaskipting milli Kennaradeildar og Uppeldis- og menntunarfræðideildar til dæmis að verða óskýrari. Það er orðið tímabært að endurskoða deildaskiptinguna, en ég geri mér grein fyrir að það er ekki einfalt mál og gerist ekki nema að forystumenn í deildunum séu tilbúnir að stíga það skref. Til að breytingar verði til góðs þarf forystufólk sem er tilbúið að taka þátt af heilum hug. Það þarf hugsjónir og áhuga til að standa fyrir og fylgja eftir breytingum. Við þurfum að skoða hvað við erum ánægð með og hefur gengið vel, hvað við teljum að við getum bætt og hvaða leiðir eru færar til þess. Í skýrslu sjálfsmatshópsins um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands eru settir fram fimm möguleikar á deildaskiptingu sviðsins og þá þarf að skoða.

## Menntarannsóknir

Rannsóknir innan Menntavísindasviðs hafa beinst að íslenskum veruleika og kennarar sviðsins hafa tengst náið og haft áhrif á starfsvettvanginn og stefnumótun í mennta- og uppeldismálum þjóðarinnar. Þeir semja námskrár, skrifa kennslubækur og starfa í ótal nefndum og hópum á vegum ráðuneyta, sveitarfélaga og félagasamtaka. Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands erum við á Menntavísindasviði meðvituð um ábyrgð okkar og skyldur við íslenskt samfélag. Við erum í forystu í menntarannsóknum hér á landi og ábyrgð okkar er mikil en niðurstöður þeirra rannsókna geta haft veruleg áhrif á skólastarf og menntastefnu þjóðarinnar.

Á undanförunum árum hefur verið mikil gróska á ýmsum sviðum menntarannsókna þó að sumir telji að sviðið og rannsóknarvirkni starfsfólks standist ekki samjöfnuð við rótgróin rannsóknarsvið. Við erum til dæmis borin saman við Heilbrigðisvísindasvið sem hefur áratuga reynslu af því að taka þátt í stórum alþjóðlegum verkefnum og vinnur rannsóknir sínar í samstarfi við sterka aðila eins og Landlæknisembættið, Íslenska erfðagreiningu og Hjartavernd. Menntavísindi eru fremur ungt fræðasvið og margar greinar innan sviðsins eru að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum. Svið eins og tólmstundafræði, félagsmálafræði og þroskaþjálfing fræði eru tiltölulega ný fræðasvið alls staðar í heiminum. Þetta eru ný rannsóknarsvið og að mínu mati eru þar sóknarfæri.

Það er eitt af stóru verkefnum hjá okkur á Menntavísindasviði á næstu árum að sækja fram í rannsóknum. Fjármagn til sviðsins er ákvarðað með svokölluðu deililíkani þar sem meðal annars er tekið mið af fjölda nemenda (þreyttum einingum) og rannsóknarstigum starfsmanna. Ég lít jafnframt á það sem skyldu okkar að stunda rannsóknir og skapa nýja þekkingu á fræðasviðinu. Starfsnám í háskóla á að byggja á rannsóknum og gagnrýninni greiningu og það er afar mikilvægt að rannsóknir snúist um íslenskan veruleika.

Ég hef lagt áherslu á það sem sviðsforseti að styðja rannsóknir á sviðinu. Allir þeir sem vilja eiga að geta fengið aðstoð við rannsóknir sínar í gegnum Menntavísindastofnun. Það er hins vegar ekki nóg að þessar áherslur komi frá stjórnendum. Það þurfa allir að bera ábyrgð, ekki bara á sjálfum sér heldur líka á öðrum. Ég tel hlutverk rannsóknarstofanna mjög mikilvægt í þessu samhengi. Þar eiga prófessorar og reyndari rannsakendur að leiða starfið og fá með sér þá sem óreyndari eru. Þetta hefur meðal annars tekist hjá RannUng og Rannsóknarstofu í fjölmenningarfræðum þar sem unnið hefur verið að alþjóðlegum rannsóknum með víðtækri þátttöku akademískra starfsmanna og doktors- og meistaranema.

## Fimm ára kennaranám

Breytingin á kennaranámi var lögfest með nýjum lögum árið 2008 og með reglugerð árið 2009. Ákvörðun um fimm ára meistaranám fyrir kennara var að mínu mati mikil framfaraspor. Menntun og störf kennara er sá þáttur sem mest áhrif hefur á gæði skólastarfs. Það er því nokkuð ljóst að umbótum í menntakerfinu verður ekki við komið nema með góðum kennurum. Kennarastéttin þarf á virðingu að halda og ég vona



að lengra nám og betur menntaðir kennarar komi til með að auka veg og virðingu stéttarinnar. Skólinn er ekki lengur bara fræðslustofnun og störf kennara eru stöðugt að verða viðameiri og flóknari. Sífellt meiri kröfur eru gerðar til skóla og kennara. Þeir þurfa því trausta og góða menntun. Hvað menntun leikskólakennara varðar þá erum við í forystu á Norðurlöndunum og nú sýna nýjar langtímarannsóknir, meðal annars svo kölluð EPPY-rannsókn (Effective Provision for Pre-school Education) í Bretlandi, að nám barna í gæðaleikskólum með vel menntuðu starfsfólki hefur áhrif á framtíðarnám og starfsmöguleika fólks.

Þó svo að nú séu uppi raddir um að lenging námsins hafi öfug áhrif og að fólk vilji ekki fara í fimm ára kennaranám þá er ég viss um að þegar til lengri tíma er litið var þetta heillaspor. Ég tel að fækkun nemenda í kennaranámi sé tímabundið ástand. Ég var í fjölmennasta árgangi Kennaraskólans, þar voru átta 25 manna bekkir. Árið eftir var námið komið á háskólastig og þá innrituðust einungis níu nemendur og árið þar á eftir þrefaldaðist nemendafjöldinn og fór upp í 27 og jókst svo síðan smátt og smátt ár frá ári. Ég held að það muni gerast aftur. En það gerist ekkert af sjálfu sér og það tekur tíma. Við erum markvisst að leita leiða til að kynna námið og gera það aðgengilegt og áhugavert fyrir fólk. Síðastliðið vor gerðum við könnun meðal leikskólafólks, ófaglærðs fólks í leikskólum og leikskólastjóra og niðurstöður sýndu að fólk hafði hug á styttra námi. Því var stigið það skref að bjóða upp á tveggja ára diplómunám fyrir fólk sem starfar í leikskólum. Svo vonumst við til að þetta fólk haldi áfram og ljúki leikskólakennaranámi.

## Framtíðarsýn og verkefni við Menntavísindasvið

Ég ber þá von í brjósti að þær starfsstéttir sem Menntavísindasvið menntar njóti aukinnar virðingar í samfélaginu. Það helst í hendur við bæði það sem við erum að gera hérna á sviðinu og hvernig við kynnum námið. Þetta er sameiginlegt verkefni okkar sem starfa við sviðið og tekst ekki nema allir séu ábyrgir og samtaka.

Nemendum á að bjóðast gæðanám og við þurfum að vera í stöðugri sjálfsskoðun. Kennarar á sviðinu þurfa að taka þátt í alþjóðlegu fræðasamfélagi og vera virkir í samræðu þjóðanna um menntamál. Við þurfum að vera í góðum tengslum við skóla og aðrar stofnanir í samfélaginu sem okkar fólk starfar við svo nemendur okkar kynnist og skilji þau verkefni sem munu mæta þeim að námi loknu. Við þurfum í auknum mæli að líta á starfsmenntun sem ævimenntun og því er uppbygging símenntunar og starfsþróunar næsta stóra verkefnið okkar. Auk þess þarf að leita leiða til að koma rannsóknarniðurstöðum á framfæri við starfsvettvanginn og þá sem móta stefnu í menntamálum. Öflug símenntun og starfsþróun sem skipulögð er í samstarfi við rannsakendur í háskólum er líka leið til að brúa bilið milli rannsakenda og þeirra sem starfa á vettvangi.

Á Menntavísindasviði þurfum við að rækta mikilvæg gildi lýðræðissamfélags, svo sem samvinnu, samstarfsanda og jafnrétti. Mér finnst í dag þrengt að þeim gildum sem skipta máli í samfélaginu. Samkeppni og samanburður á milli barna er að aukast í stað þess að lögð sé áhersla á styrkleika hvers og eins. Við hömpum ákveðnum þáttum eins og bókviti og teljum þá mikilvægari en aðra. Ég held að það sé ekki gott fyrir

okkur sem samfélag að leggja áherslu á einhverja afmarkaða hæfnipætti. Við erum fámenn þjóð og höfum ekki efni á öðru en að nýta styrk og hæfileika allra einstaklinga.

Á Menntavísindasviði erum við að mennta fólk til starfa sem leggja grunn að lýðræðisþjóðfélagi. Velferð þjóðar byggist á vel menntuðu fólki sem hefur fengið kennslu og hvatningu til að glíma við merkingarbær verkefni frá upphafi til loka skólagöngunnar. Ef við eigum að kallast lýðræðislegt velferðarsamfélag þurfum við að taka tillit til hvers einstaklings, viðurkenna rétt og styrkleika allra og veita hverjum og einum einstaklingi þann stuðning sem hann þarf. Kennarar, tólstundafræðingar, íþróttfræðingar og þroskajálfar sem koma auga á sterkar hliðar einstaklingsins, kalla fram það besta hjá hverjum og einum og styðja við nám þeirra geta skipt sköpum í lífi einstaklingsins og velferð þjóðarinnar. Þetta virðist alls ekki öllum vera ljóst. Ég lít svo á að það sé á ábyrgð samfélagsins að til þessara starfa veljist hæfir einstaklingar.

## UM HÖFUNDANA

*Guðrún V. Stefánsdóttir* (gvs@hi.is) er dósent í fötlunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og formaður Rannsóknarstofu í þroskajálfafræðum. Hún lauk doktorsprófi í fötlunarfræði við Háskóla Íslands árið 2008. Rannsóknir hennar hafa beinst að lífsreynslu, sögu, menntun, aðstæðum og sjálfræði fatlaðs fólks.

*Ólafur Páll Jónsson* (opj@hi.is) er dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og með MA-próf í heimspeki frá University of Calgary og doktorspróf í heimspeki frá Massachusetts Institute of Technology. Á síðust árum hafa rannsóknir hans einkum verið á sviði heimspeki menntunar, lýðræðis og félagslegs réttlætis, en þessi svið eru m.a. viðfangsefni hans í bókinni *Lýðræði, réttlæti og menntun* frá árinu 2011. Hann hefur einnig birt greinar um málspeki og réttarheimspeki og um heimspeki náttúrunnar en árið 2007 gaf hann út bókina *Náttúra, vald og verðmæti*.